
Almennir tryggingarskilmálar fyrir Áhættulíftryggingu E 7

Eftirfarandi er þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi Veturliði Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku. Jóhann Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku uppfærði í maí 2008 útgáfuna (AVB Janúar 2008). Ef mismunur er á þýska textanum og þeim íslenska gildir þýski textinn.

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar skýra fyrir þér þær reglur sem gilda um samning þinn.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við tryggingarsamning þinn.

Í sumum samningum, (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í „Sérstökum skilmálum“.

Ef tryggingarsamningur þinn nær yfir fleiri þætti gilda „Sérstakir skilmálar“ líka fyrir þá. Í „Sérstöku skilmálunum, er þátturinn Áhættulífeyrstrygging talinn sem grunn-þáttur.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafa þíns eða beint til okkar.

Með kveðju,
Allianz Ísland hf.

Efnisyfirlit

A	Almennt um tryggingu þína	§ 13	Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?
B	Almennir tryggingarskilmálar	§ 14	Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?
§ 1	Hvað er tryggt?	§ 15	Hvað felst í tryggingarskírteininu?
§ 2	Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?	§ 16	Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?
§ 3	Hvað sérreglur gilda í gjaldskrársamningi reyklusra?	§ 17	Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki breytingar á heimilsfangi eða nafni þínu?
§ 4	Hvenær getur þú breytt tryggingu þinni í þátt elli- og eftirlífendalífeyris?	§ 18	Hver fær tryggingargreiðslurnar?
§ 5	Hvenær geturðu hækkað tryggðan höfuðstól við fráfall?	§ 19	Hvernig er kostnaður við samningsgerð og rekstur dreginn af iðgjöldum þínum?
§ 6	Hvenær hefst tryggingarverndin?	§ 20	Fyrir hvað getum við krafði þig sérstaklega um kostnað?
§ 7	Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldsgreiðslu?	§ 21	Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?
§ 8	Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta iðgjald á réttum tíma?	§ 22	Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?
§ 9	Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?	C	Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir áhættulíftryggingu
§ 10	Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu eða uppsögn?		
§ 11	Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?		
§ 12	Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?		

A Almenn um tryggingu þína

Fyrst langar okkur að skýra nokkur hugtök, sem notuð verða í tryggingarskilmálunum.

Bótahöfuðstóll: Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er fundinn samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar, út frá forsendum iðgjaldsreiknings. Bótahöfuðstóllinn reiknast út frá reikniþrósentu uppsafnaðra iðgjalda og ef við á árlegum hagnaðarhlutum, hafi þeim ekki verið ráðstafað til áhættu- og kostnaðargreiðslna.

Bótageiðslusjóður: Tryggjendum er skylt lögum samkvæmt að mynda bótageiðslusjóði til að mæta kröfum tryggingataka. Þeir samsvara þeirri upphæð sem reiða ber fram, til þess að unnt sé að fjármagna, ásamt framtíðariðgjöldum og vöxtum, tryggðu tryggingagreiðslurnar. Bótageiðslugjöldurinn er reiknaður út samkvæmt reglum verslunarréttar §§ 341 e og f og bótageiðslusjóðsreglugerðarinnar.

Ráðandi gjaldskrárreglur: Á tryggingartímanum getur komið til breytinga á tryggingu þinni. Um breytta hluta tryggingarinnar gilda þá hverju sinni ráðandi gjaldskrárreglur.

Í þessum gjaldskrárreglum ákvarðast þær reikniforsendur sem beita ber við iðgjaldsútreikninga. Með reikniforsendum eigum við við frávisunarreglur af líffræðilegum toga, svo sem andlátstöflur, töflur yfir líkur á óvinnufærni og töflur yfir líkur á umönnunarpörf og/eða reiknivexti.

Til greina koma reikniforsendur

- sem við ákváðum við gerð samnings þíns
- sem voru í gildi við síðustu breytingu
- sem við ákveðum þegar kemur til breytingar á nýjum samningum sem gerðir verða.

Aðrar reikniforsendur en við lok samningsgerðarinnar eða við síðustu breytingu getum því aðeins lagt til grundvallar, að þegar kemur til breytingar á nýjum sambærilegum samningum sem gerðir verða, gildi um útreikning á bótageiðslusjóðun aðrar reikniforsendur, sem byggja á eftirlitsákvæðum og/eða opinberu álit Deutsche Aktuarvereinigung e.V. (DAV) (Félags þýskra tryggingafræðinga).

Ef við leggjum aðrar reikniforsendur til grundvallar heldur en lágu til grundvallar við samningsgerð eða við síðustu breytingu, gerum við þér grein fyrir breytingunni í tilkynningunni.

Reiknaður aldur: Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni – þar sem byrjuðu en enn óloknu æviári er bætt við, ef af því eru liðnir meira en mánuðir.

Tryggingartaki: Tryggingartaki í skilningi þessara skilmála er sá sem hefur sótt um trygginguna. Hann er nefndur svo í tryggingarskírteininu.

Hinn tryggði: Hinn tryggði í skilningi þessara skilmála er sá aðili – ef fleiri eru um trygginguna, sé annað ekki tekið fram, allir þeir aðilar, - sem tryggðir hafa verið með þættinum Áhættulíftrygging. Réttindin og skyldurnar sem ákveðin eru í ákvæðunum eiga fyrst og fremst aðeins við um tryggingartakann sem samningsaðila okkar.

B Almennir tryggingarskilmálar

§ 1. Hvað er tryggt?

Falli hinn tryggði frá fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsamin var í því tilvik. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við fráfall þess sem deyr fyrstur. Falli fleiri en einn hinna tryggðu frá samtímis greiðum við tryggðan höfuðstól aðeins einu sinni.

§ 2. Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum samkvæmt § 153 laga um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz (VVG)) og matssjóðunum (hagnaðarhlutdeild). Hagnaðurinn er fundinn samkvæmt fyrirmælum HGB og eru ákveðin árlega í ársskýrslu okkar. Matssjóðirnir eru tilgreindir sem viðhengi við ársreikninginn.

Stærð hagnaðarins ræðst einkum af framvindu áhættunnar og kostnaði. Stærð matssjóðanna ræðst af fjármáلامarkaðinum. Umfang allra áhrifavalda verður ekki séð fyrir vegna lengdar tryggingartímans. Þar af leiðandi er ekki hægt að ábyrgjast hæð hagnaðarhlutdeildarinnar.

(1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingataka

a) Hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagkvæmari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þessum hagnaði fá tryggingartakarnir að lágmarki þann lágmarksíðgjaldsendurgreiðsluhluta líftrygginga sem reglugerðin segir til um fyrir tryggingargreiðslur í framtíðinni.

Frekari hagnaður getur stafað frá tekjum af fjárfestingum. Iðgjöld áhættutryggingar eru reyndar reiknuð þannig að þeirra er þörf til að rísa undir áhættu- og rekstrakostnaði. Til fjárfestinga sem skilað gætu arði eru þar af leiðandi engar eða aðeins smávægilegar upphæðir til ráðstöfunar. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni, samkvæmt §3 í reglugerð um lágmarksíðgjaldsendurgreiðslu

við líftryggingu, fá tryggingartakarnir samtals að minnsta kosti prósentustigið sem tilgreint er í reglugerðinni. Með þessari upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartakanna.

b) Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. tryggingarbyrjun og form iðgjaldagreiðslu.

Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag.

c) Matssjóðir verða til ef markaðsvirði fjárfestinganna liggur yfir því virði, sem fjárfestingarnar eru færðar á í bókum okkar. Hlutdeildin í matssjóðunum fer eftir orsakamiðaðri aðferð. Til áhættutrygginga renna reynda litlir eða engir matssjóðir, þar eð ekkert eða óverulegar upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga, sem myndað gætu matssjóði.

(2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samnings þíns

a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst sérd þú í tryggingaupplýsingunum. Háð þeirri flokkun veitum við tryggingu þinni hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs. Við birtum hagnaðarhlut-deildarprósenturnar í ársreikningi okkar eða tilkynnum þér um þær á annan hátt.

b) Umsamið iðgjald fyrir áhættulíftrygginguna er stuðullinn sem hagnaðarhlutdeildar-prósentan miðast við, á meðan iðgjald er greitt.

c) Ef trygging þín er iðgjaldsskyld fær hún með hverju iðgjaldi fastákveðinn hagnaðarhluta í prósentum af umsömdu iðgjaldi. Hagnaðarhlutarnir eru dregnir frá iðgjöldunum jafnóðum eftir því hvernig þau eru greidd. Ef trygging þín er iðgjaldsfrí fær hún enga hagnaðarhluta.

§ 3. Hvaða sérreglur gilda í gjaldskrársamningi reyklausra?

(1) Hugtakið reyklus

Reyklus er sá sem ekki hefur reykt nikótín síðustu 12 mánuðina fyrir umsóknina og er staðráðinn í því að vera reyklus framvegis. Að reykja þýðir neysla tóbaks sem logar, til dæmis neysla sigarettna, smávindla, vindla eða pípu.

(2) Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar er þér skylt að greina okkur sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust frá því hvort þú sért reykingamaður. Eigi að tryggja líf einhvers annars, ber sá hinn sami, auk þín, ábyrgð á sannri yfirlýsingu.

(3) Aukin áhætta eftir samningsgerð

Hættuaukning liggur fyrir ef hinn tryggði verður reykingamaður eftir samningsgerð. Við tökum að okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú aukir ekki hættuna eftir samningsgerð án samþykkis okkar eða leyfir að hún sé aukin. Ef líf annars manns er tryggt er sá maður líka – auk þín – ábyrgur fyrir því að hætta verði ekki aukin eftir samningsgerð.

Auki hinn tryggði samt áhættuna eftir samningsgerð er þér og einnig hinum tryggða skylt að tilkynna okkur um það tafarlaust.

(4) Réttaráhrif við brot á tilkynningaskyldu eða hækkaða áhættu?

a) Aðlögun iðgjalds við hækkaða áhættu Við nýtum okkur ekki þann lagalega rétt okkar að segja samningnum upp vegna aukinnar áhættu, eða að undanskilja aukna áhættuna úr tryggingaraverndinni. Verði áhættan aukin samkvæmt lið 3, getum við krafist samsvarandi herra iðgjalds í samræmi við grundvallar viðskiptareglur okkar, afturvirkir frá þeim tíma þegar áhættan var aukin. Iðgjaldshækkun kemur þó ekki til greina ef þú sannar fyrir okkur að þú áttir ekki hlut að aukningu áhættunnar.

Ef þú eða einn hinna tryggðu viðurkennir eftirá hækkaða áhættu samkvæmt lið 3 og okkur er ekki greint frá því, er okkur heimilt að hækka iðgjöldin eins og að ofan greinir þó svo að þú eigir þar ekki sök að máli.

Réttur okkar til iðgjaldshækkunar fyrnist, ef við nýtum okkur hann ekki innan mánaðar frá þeirri stundu þegar okkur barst vitneskja um áhættuhækkunina.

Iðgjaldshækkun hefur engin áhrif á hæð tryggðu bótagreiðslunnar. Ef við hækkuum iðgjaldið um meira en 10%, getur þú sagt samningnum upp fyrirvalaust innan eins mánaðar eftir að þér barst tilkynning okkar um iðgjaldshækkunina.

b) Lækkun bóta komi til bótamáls Ef okkur var, þegar umsóknin var lögð fram, vísítandi greint rangt frá reykingavenjum hins tryggða, eða ef áhættan samkvæmt lið 3 var aukin af ráðnum hug, takmarkast tryggðar bætur við andlát hins tryggða við einn þriðja umsamins tryggðs höfuðstóls sem um var samið fyrir það tilvik. Þessi lækkun bótaskyldu okkar gildir ekki ef áhættuaukningin eða röngu upplýsingarnar varðandi reykingavenjur hins tryggða við samningsgerðina voru ekki völd að því að til bótamáls kom. Komi til aukinnar

áhættu munum við ekki grípa til minnkaðra bóta ef liðin eru meira en 10 ár milli áhættuaukningar og bótamáls. Við rangar upplýsingar fyrir samningsgerð áskiljum við okkur ítrekað rétt til vefengingar vegna svíksamlegra blekkinga.

5) Sannprófun

Við höfum rétt til þess að sannreyna reykleysi hins tryggða eða hinna tryggðu. Í könnunarskyni getum við krafist viðeigandi upplýsinga á okkar kostnað og einu sinni á ári lækni skoðunar á hinum tryggða eða hinum tryggðu hjá læknum sem við fáum til þess. Verði hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ekki við kröfu okkar verður tryggingunni breytt samkvæmt lið 4a.

§ 4. Hvenær getur þú breytt tryggingu þinni í þátt elli- og eftirlifendalífeyris

Þú getur breytt áhættulíftryggingu þinni í sambland ellilífeyrisþáttar (framfjárlífeyrir eða framfjárlífeyrisþáttur) og eftirlifendalífeyrisþáttar (höfuðstól við andlát) án nýrrar áhættukönnunar. Fyrir nýju þættina getur þú þá valið nýjan samningstíma og iðgjaldsgreiðslutíma.

Forsendur fyrir umbreytingunni eru:

- Við áhættulíftryggingu þína hefur þú upphaflega samið um tryggðan höfuðstól við andlát, stöðugan á tryggingartímanum .
- Tryggður höfuðstól úr nýja þættinum höfuðstóll við andlát er á öllum nýja tryggingartímanum ekki hærri en upphaflegi tryggði höfuðstóllinn við andlát.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna í síðasta lagi fyrir lok 10. tryggingarársins. Hafir þú samið um í mesta lagi 10 ára tryggingartíma getur þú umbreytt tryggingu þinni til allt að þremur mánuðum fyrir lok tryggingartímans.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna fyrir lok 60. æviárs hins tryggða eða hinna tryggðu.

Hafir þú innifalið minnst einn örorkubótaþátt gildir:

- Örorkubótaþáttur er aðeins þá hægt að halda áfram án nýrrar áhættukönnunar fyrir umbreytta tryggingu ef tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutími eftir umbreytinguna helst óbreyttur.
- Breytist þessi tímaskeið eftir umbreytinguna er aðeins hægt að halda örorkubótaþáttinum áfram ef niðurstaða úr nýrri áhættukönnun **leyfir það. Þú getur umbreytt tryggingu fyrir tvo félaga án nýrrar áhættukönnunar í tvær þáttasamsetningar fyrir líf hvors hins tryggða.**

Forsenda fyrir því er að heildarupphæð nýju tryggðu höfuðstólanna við andlát verði ekki hærri en upphaflegur höfuðstóll við andlát. Tryggingarverndin hefst við lok

hægt að umbreyta. Iðgjöld fyrir nýju tryggingarnar eru ákveðin samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Um það gilda ráðandi gjaldskrárreglur. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 5. Hvenær geturðu hækkað tryggðan höfuðstól við fráfall?

Í tryggingu þinni geturðu hækkað tryggðan höfuðstól við fráfall án nýrrar lækni skoðunar við eftirfarandi atburði:

- við fæðingu barns hins tryggða eða ef hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstaklings
- hinn tryggði gengur í hjónaband
- ef hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem það krefst aðildar að ráði atvinnugreinarinnar
- ef hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu
- ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að verðgildi minnst 100.000 EUR.

Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir nægir ef einn hinna tryggðu fullnægir ofangreindum skilyrðum. Ekki er hægt að bæta við eftirlifendalífeyri.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi forsendur:

- þú verður að fara fram á hækkinguna innan sex mánaða eftir að ofangreindir atburðir áttu sér stað
- hinn tryggði er ekki kominn yfir 53 ára reikningsaldur
- hinn tryggði er ekki óvinnufær
- ekki er um að ræða tryggingu innan ramma elliframfærslu fyrirtækis eða hóptryggingar félags.

Fyrir hækkingu tryggðs höfuðstóls við fráfall gilda eftirfarandi takmörk:

- Lágmarksupphæð 2.500 EUR
- Hámarksupphæð 25.000 EUR
- Hámarksupphæð við fleiri en eina hækkingu: samtals 50.000 EUR.

Hækkingu tryggðs höfuðstóls við fráfall fer eftir ríkjandi gjaldskrárreglum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Örorkulífeyrisþáttur eða þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum hækka ekki með.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

Örorkulífeyrisþáttur eða þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum eru ekki hækkaðir með.

§ 6. Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst við lok samningsgerðarinnar, þó ekki fyrir þann

byrjunartíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu. Tryggingarverndin hefst því aðeins á umræddri stundu að þú greiðir fyrsta iðgjaldið á réttum tíma í skilningi § 7.

§ 7. Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldsgreiðslu?

(1) Fyrir þessa tryggingu skal greiða iðgjöld jafnóðum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig samið er um iðgjaldgreiðslur og tilgreint er í tryggingaskírteininu er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Fyrsta iðgjaldið ber að greiða strax eftir gerð tryggingarsamningsins. Hafi verið um það samið að tryggingarverndin skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur fyrsta iðgjaldið þá. Öll frekari iðgjöld (framhaldsiðgjöld) gjaldfalla fyrsta dag fyrsta mánaðar umsamins tryggingartímabils. Ef samið er um mánaðargreiðslur eru iðgjöld greidd með skuldfærslu.

(3) Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma, ef þú á gjalddaga aðhefst tafarlaust allt það sem þarf til þess að greiðslan berist okkur. Ef samið var um að iðgjaldið væri innheimt af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Hafi ekki verið hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega.

Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að innheimta iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.

Ef samið er um mánaðargreiðslur breytum við í því tilviki iðgjaldsgreiðsluhætti í ársfjórðungsgreiðslur.

(4) Yfirfærsla iðgjalda þinna gerist á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

§ 8. Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta iðgjaldið á réttum tíma?

(1) Upphaf tryggingarinnar ræðst af því að iðgjaldið sé greitt á tilskyldum tíma. Greiðirðu fyrsta iðgjaldið á tilskyldum tíma hefst tryggingarverndin fyrst á því augnabliki sem þú innir greiðsluna af hendi. Við bótamál sem upp koma í millitíðinni, erum við ekki bótaskyld. Bótskylda okkar helst, ef þú sýnir fram á að þú áttir ekki sök á greiðslufallinu.

Við getum aðeins borið við lausn frá bótaskyldu ef við höfum bent þér sérstaklega og með

skriflegum hætti í tryggingar-skírteininu á réttarafleiðingar.

(2) Ef þú greiðir fyrsta iðgjaldið ekki á réttum tíma getum við sagt samningnum upp, á meðan þú hefur ekki greitt greiðsluna. Ekki kemur til uppsagnar ef þú getur sannað að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

§ 9. Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma, ert þú kominn í vanskil, án frekari greiðsluáskorana. Það teljast ekki vanskil, ef greiðslufallið verður af orsökum sem þú berð ekki ábyrgð á. Við vanskil eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

(2) Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á tilskyldum tíma getum við veitt þér greiðslufrest skriflega á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að nema að minnsta kosti tveimur vikum.

(3) Fyrir bótamál sem upp koma eftir veittan greiðslufrest, fellur niður eða rýrnar tryggingarverndin, ef þú ert enn í vanskilum þegar til bótamálsins kemur. Forsenda þessa er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif þegar greiðslufresturinn var veittur.

(4) Þegar veittur fresturinn er liðinn getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests, ef iðgjöldin, vextir eða kostnaður eru enn í vanskilum. Forsenda þessa er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif þegar greiðslufresturinn var veittur. Við getum lýst yfir uppsögn samtímis því sem við veitum þér greiðslufrestinn. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi þegar fresturinn rennur út. Við munum líka benda þér á þessi réttaráhrif.

(5) Þú getur meira að segja greitt fjárkröfuna eftir að uppsögn okkar hefur tekið gildi. Eftirgreiðslan getur aðeins farið fram innan eins mánaðar frá uppsögninni, eða, ef uppsögnin kom fram strax við veitingu frestsins, innan eins mánaðar frá því að fresturinn rann út. Greiðirðu innan þessa tíma telst uppsögnin ógild og samningurinn heldur áfram. Fyrir bótamál sem upp koma milli þess að fresturinn rennur út og greiðslan berst, gildir engin eða aðeins takmörkuð tryggingarvernd.

§ 10. Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu eða uppsögn?

Við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir geturðu skriflega látið leysa þig undan iðgjaldsgreiðsluskyldu.

(1) Breyting á tryggingu þinni við iðgjaldsundanþágu

a) Óskirðu eftir iðgjaldsundanþágu skerðum við tryggðan höfuðstól samkvæmt viðurkenndum reglum trygginga-stærðfræðinnar og leggjum til grundvallar reiknaðan bótahöfuðstól á þeirri stundu þegar iðgjaldsundanþágan gerist. Bótahöfuðstóllinn nemur þó að lágmarki þeirri upphæð sem fæst með jafnri dreifingu samningsgerðar- og rekstrarkostnaðar, með hliðsjón af hæstu stigum Zillmer-aðferðarinnar að mati opinberra eftirlitsaðila, fyrstu fimm tryggingarárin, en samt aldrei lengur en sem svarar iðgjaldsgreiðslutímanum. Upphæðin sem verður til í tryggingu þinni til þess að byggja upp iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól lækkar þar með sem nemur frádrætti samkvæmt § 165 málsgrein 2, í tengslum við § 169 málsgrein 5 í VVG (sjá lið 1 b).

Útreikningur iðgjaldsfrírra bóta gerist í lok þess tryggingatímabils sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

b) Frádrátturinn samkvæmt málsgrein 1 a er settur saman úr tveimur liðum:

- 50 EUR vegna aukins stjórnunarkostnaðar
- 4% af samtölu þeirra iðgjalda sem um var samið fyrir Áhættulíftrygginguna, fram að þeim tíma þegar tryggingin var gerð iðgjaldsfrí. Þessi frádráttur fellur niður við iðgjaldsundanþágu á síðasta þriðjungi tryggingartímans. Við beitum þessum frádrætti sem almennri jöfnun hugsanlegs áhættutjóns

Þú hefur rétt til þess að færa sönnur á að í þínu tilfalli sé frádrátturinn alls ekki við hæfi eða aðeins í mun minni mæli.

c) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfríri ef iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll nær lágmarksupphæð sem nemur 2.000 EUR. Annars fellur tryggingin niður.

(2) Ókostir iðgjaldsundanþágu

Að hafa tryggingu þína iðgjaldsfría hefur ókosti. Í byrjun tryggingartímans er enginn ið-gjaldsfrír tryggður höfuðstóll fyrir hendi vegna gjaldfærslu samningsgerðar- og rekstrarkostnaðar (sjá § 19). Næstu ár eru heldur engin eða aðeins óveruleg iðgjöld til ráðstöfunar til myndunar iðgjaldsfrís tryggðs höfuðstóls, vegna þeirra áhættuiðgjalda sem nauðsynleg eru. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er að finna í tryggingarupplýsingunum þínum.

(3) Uppsögn

Þú getur hvenær sem er sagt tryggingu þinni upp skriflega í lok hvers mánaðar.

Þú átt hvorki rétt á endurkaupsvirði né endurgreiðslu greiddra iðgjalda.

§ 11. Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

(1) Fram að afhendingu samningsumsóknar þinnar er þér skylt að tilgreina allar aðstæður sem skipta máli sem við spurðum um skriflega, sannleikanum samkvæmt og án undnbrigða. Máli skipta aðstæður sem ráða miklu um þá ákvörðun okkar að gera samning af umsömdu tagi.

Þegar við, í framhaldi af umsóknaryfirlýsingu þinni, en áður en til samþykktar kemur, spyrjum skriflega um aðstæður sem skipta máli, er þér líka að sama skapi skylt að tilgreina þær.

(2) Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandráttalausum svörum við skriflegum spurningunum.

(3) Geri einhver samninginn fyrir þína hönd og sé honum kunnugt um aðstæðurnar sem skipta máli eða vinni hann með sviksamlegum hætti, tókum við þér eins og hefðir þú haft vitneskju þar um eða þagað yfir aðstæðunum sviksamlega.

(4) Um afleiðingar brots á tilkynningaskyldunni fer samkvæmt §§ 19 til 22 VVG. Samkvæmt þeim forsendum sem þar eru nefndar getum við rift samningnum, undanþegið okkur bótaskyldu, vefengt samninginn vegna sviksamlegrar blekkingar eða öðlast rétt til að aðlaga samninginn.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar stofnast því aðeins að við tilgreinum þér sérstaklega með skriflegum hætti afleiðingar brots á tilkynningaskyldunni. Umræddan rétt getum við aðeins nýtt okkur innan 5 ára frá samningsgerð. Þetta á ekki við um bótamál sem upp hafa komið fyrir lok þessa frests. Hafir þú eða hinn tryggði brotið gegn tilkynningaskyldunni af ráðnum hug eða sviksamlega, nemur fresturinn tíu árum.

(5) Ef við innan ramma samningsaðlögunar hækkum iðgjaldið um meira en 10% eða undanskiljum áhættuaðstæður sem ekki hafa verið nefndar áður, getur þú sagt samningnum upp, samkvæmt § 19 málsgrein 6 VVG.

(6) Málsgreinar 1 til 5 gilda, eftir atvikum, við rýmkandi breytingar á bótaskyldu okkar eða við endurupptöku tryggingarinnar.

(7) Sé réttur til umbreytinga samkvæmt þessum fyrirmælum nýttur (riftun, uppsögn eða samningsaðlögun) þarf það að gerast skriflega, hvort heldur sem rétturinn er nýttur af þinni hálfu eða okkar. Svo framarlega sem þú hefur ekki gefið okkur upp neinn annan sem fulltrúa, telst að þér látnum, viðtökufulltrúi hafa umboð til að taka á móti yfirlýsingu frá okkur. Sé viðtökufulltrúi heldur ekki til staðar, eða sé ekki

unnt að hafa upp á dvalarstað hans, getum við litið á handhafa tryggingarskírteinisins sem réttmætan viðtakanda yfirlýsingarinnar.

§ 12. Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar helst óháð því hvaða orsök veldur bótaskyldunni. Við veitum sérstaklega einnig tryggingarvernd ef hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða eða eins hinna meðtryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði fellur greiðsluskylda okkar niður.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(3) Við fráfall hins tryggða eða eins hinna meðtryggðu í beinum eða óbeinum tengslum við notkun kjarna-, lífrænna- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar við útborgun samkvæmt reglum málsgreinar 2. Þetta á aðeins við ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Töluliður 2 helst ósnortinn.

§ 13. Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð tryggingarsamningsins.

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins gildir tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjánainga.

§ 14. Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?

(1) Greiðslur úr tryggingarsamningnum inn-um við af hendi gegn framvísun tryggingarskírteinisins.

(2) Andlát hins tryggða ber að tilkynna okkur tafarlaust. Auk tryggingarskírteinisins ber að afhenda okkur:

- opinbert vottorð um fæðingardag
- opinbert dánarvottorð þar sem tilgreind eru aldur og dánarstaður
- nákvæmt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða til dauða.

(3) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir eins og til dæmis varðandi reykingarvenjur. Kostnað sem tengist gagnaöfluninni ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(4) Við yfirfærum greiðslu okkar til móttökuréttthafa á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur móttökuréttthafinn einnig áhættuna sem tengist því.

§ 15. Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í § 18 málsgrein 4 þurfum við aðeins að viðurkenna réttarsönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri réttthafa.

§ 16. Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?

Tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið geta haft viðtæk áhrif. Þær ættu einnig þá að vera á skriflegu- eða í textaformi, sé hvorki gert ráð fyrir því formi í lögnum né í samningnum.

§ 17. Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki breytingar á heimilisfangi eða nafni þínu?

(1) Hafir þú ekki tilkynnt okkur breytingu á heimilisfangi þínu eða nafni, getum við sent viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt og á það nafn sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsingin telst hafa borist þér þremur dögum eftir að bréfið var sent.

(2) Ef þú hefur tekið trygginguna í atvinnu- fyrirtæki þínu og þú hefur flutt aðsetur fyrirtækisins, gildir töluliður 1 samsvarandi.

(3) Ef þú dvelur langdvölum utan Sambandslýðveldisins Þýskalands, ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna mann sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúi).

§ 18. Hver fær tryggingargreiðslurnar?

(1) Greiðslurnar samkvæmt tryggingarsamningnum innum við af hendi til þín sem tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan einstakling sem á að eignast kröfurnar samkvæmt trygg-

ingarsamningnum þegar til bótamáls kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótamáli kemur getur þú afturkallað rétt tryggingarþegans hvenær sem er.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþeginn eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og órífтанlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt tryggingarsamningnum.

(4) Veiting og afturköllun tryggingarþega-réttar og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt tryggingarsamningnum öðlast aðeins og þá fyrst gildi gagnvart okkur þegar fyrirverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur um það skriflega. Fyrirverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú hefur gert slíkar ráðstafanir áður.

§ 19. Hvernig er kostnaður við samningsgerð og rekstur dreginn af iðgjöldum þínum?

Við iðgjaldsútreikninga dreifum við áætluðum samningsgerðar- og rekstrarkostnaði með jöfnum árlegum upphæðum á að minnsta kosti fimm ára tímabil, en ekki lengur en til loka iðgjaldsgreiðslutímabilsins.

§ 20. Fyrir hvað getum við krafði þig sérstaklega um kostnað?

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsýsluumsvif getum við – ef ekki var samið um annað – reiknað þér meðaltalskostnað í slíkum tilvikum sérstaklega til skuldar sem fast gjald. Það gildir við:

- útgáfu varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða hluta af tryggingarskírteininu
- gjaldfrestsveitingu þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- vanskil iðgjalda
- endursendingu skuldfærslubeiðna
- frágang samningsbreytinga
- vinnu við afsöl og veðsetningar
- Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á þagnarskylduna
- iðgjaldssendingar þínar frá stað eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskaland.

(2) Hæð kostnaðar af ástæðum sem tilgreindar eru í tölu 1 geturðu séð í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Við getum breytt gjaldinu til framtíðar eftir sanngjörnu mati (§ 315 Borgaralegrar lögbókar (BGB)). Gildandi kostnaðaryfirlit hverju sinni geturðu fengið frá okkur hvenær sem er. Ef kostnaður sem til verður af ástæðum sem tilgreindar eru í tölu 1

er ekki skráður í kostnaðaryfirlitinu helst tölu 1 þó ósnortinn.

(3) Þú hefur möguleika á að færa sönnur fyrir því að í tilfalli af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða minni umsvif eða kostnaður.

§ 21. Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?

Um samning þennan gilda réttarreglur Sambandslýðveldisins Þýskaland.

§ 22. Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

(1) Kröfur gegn okkur sem byggja á tryggingarsamningi þínum er hægt að bera undir dómstól sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eða útibú eru. Kröfur er líka hægt að bera undir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar krafa er borin fram, eða, ef ekki er um lögheimili að ræða, býrð að staðaldri. Þetta atriði gildir ekki um lögaðila.

(2) Við getum aðeins lagt fram kröfur, sem byggja á tryggingarsamningnum, á hendur þér við dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili, eða, ef ekki er um lögheimili að ræða, býrð að staðaldri.

Við kröfur á hendur lögaðilum ræðst dómstóllinn sem hefur lögsögu af aðsetri eða útibúi lögaðilans. Sé um fleiri varnarþing að ræða lögum samkvæmt, getum við einnig borið kröfur okkar fram þar.

(3) Ef lögheimili þitt eða sá staður þar sem þú gistir að staðaldri er ekki þekkt á þeirri stundu þegar krafa vegna samningsins er höfð uppi, ræðst dómstóll sem hefur lögsögu af aðsetri okkar eða þess útibús okkar sem annast þín mál. Hliðstætt gildir þegar tryggingartakinn er lögaðili og aðsetur hans er ekki þekkt.

C Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir áhættulíftryggingu

Hvað gildir þegar samið er um frávik í notkun hagnaðarhluta?

Ef þú hefur samið um „bónus“ :

ÁH 1

Í stað § 2, töluliða 2 b og 2 c, kemur:

„b) stuðullinn sem hagnaðarhlutdeildarprósentan miðast við er tryggður höfuðstóll.

c) Trygging þín fær í byrjun hvers tryggingarárs hagnaðarhluta í mynd aukalegrar, iðgjaldsfrírrar áhættulíftryggingar (bónus) sem lýkur við lok hvers tryggingarárs eða við samningslok. Bónusinn er ákveðinn í prósentum tryggða höfuðstólsins sem gildir þegar hann gjaldfellur.“

Ef hagnaðarhlutarnir, sem ætlaðir eru til fjármögnunar aukalegrar áhættulíftryggingar (bónus), eru einu tryggingarári lægri en undanfarandi tryggingarár vegna árlegrar ákvörðunar stjórnarinnar, getur þú hækkað umsaminn tryggðan höfuðstól iðgjaldsskylt án nýrrar áhættukönnunar svo mikið að með bónusnum nái hann heildarupphæð úr fyrri tryggðum höfuðstól og bónus undanfarandi árs. Ef til slíks kemur látum við þig vita í tæka tíð. Þú hefur þá sex vikna frest til að ákveða hækkunina.

Í slíku tilfelli hækka iðgjöldin ekki í sama hlutfalli og tryggingargreiðslurnar. Hækkunin miðast við samningsatriðin eins og þau eru á hækkunardeginum, einkum reikningsaldur hins tryggða eða hinna tryggðu, tryggingartímann sem eftir er, iðgjaldsgreiðslutímann, iðgjaldsálag ef um það var samið, og einnig gjaldskrárákvæði okkar fyrir áhættulíftryggingu sem gilda um þetta á hækkunardeginum“.

Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

ÁH 2

(1) Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga – sérstaklega varðandi tryggðan höfuðstól og fresti – við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

(2) „Iðgjald“ í § 6 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

(3) Réttaráhrif við greiðslutafir, sem nefnd eru í § 8 og § 9, gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

(4) Umbreytingarréttinn í § 4 er aðeins hægt að nýta ef umbreytingin er gerð fyrir allar áhættu-tryggingar hópsamningsins eða fyrir áhættu-tryggingar flokks einstaklinga innan hópsamnings-ins sem skilgreindur er eftir hlutlægum einkennum.

(5) § 14, töluliður 1, fellur brott.

(6) § 14, töluliður 2, síðari setningarhluti gildir aðeins um tryggingar sem samið er um með áhættukönnun. Fyrir tryggingar sem samið er um án áhættukönnunar er § 14, töluliður 2, síðasta setningarhluti breytt sem hér segir:

„sönnun um dánarorsök.“

Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

ÁH 4

Iðgjaldsgreiðslur

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur § 7, töluliður 2, síðasta málsgrein, brott.

ÁH 5

Hvað gildir ef þú hefur samið um vaxandi viðbót við þessa tryggingu?

(1) Eftir hvaða mælikvarða fer hækkun iðgjalda og tryggingargreiðslna?

(1) Iðgjaldið fyrir þessa tryggingu hækkar árlega um 3 % af iðgjaldi fyrra árs.

(2) Iðgjaldshækkunin veldur hækkun tryggingargreiðslna án nýrrar áhættukönnunar. Tryggingargreiðslur úr inniföldum þáttum örorkulífeyris og höfuðstóls við fráfall af slysförum hækka – með eftirfarandi undantekningu – í sama hlutfalli og tryggingargreiðsla grunnþáttarins.

Um greiðsluhækkun örorkulífeyris – ef ekki er um ellilífeyri fyrirtækis að ræða – gildir:

Ef innifalinn árlegur örorkulífeyrir er hærri en 4,5 % tryggðs höfuðstóls hækkar árlegur örorkulífeyrir aðeins um 4,5 % af hækkunarupphæð tryggðs höfuðstóls.

(3) Tryggingargreiðslurnar hækka ekki í sama hlutfalli og iðgjöldin. Hækkunin miðast við samningsatriðin eins og þau eru á hækkunardeginum, einkum reikningsaldur hins tryggða eða hinna tryggðu, tryggingartímann sem eftir er, iðgjaldsgreiðslutímann, iðgjaldsálag ef um það var samið og einnig gjaldskrárákvæði okkar fyrir tryggingar með vaxandi viðbót sem gilda um þetta á hækkunardeginum.

(2) Hvenær og hve lengi hækka iðgjöld og tryggingargreiðslur?

(1) Iðgjald og tryggingargreiðslur hækka árlega á samningsdegi tryggingarinnar.

(2) Þú færð tilkynningu um hækkunina í tæka tíð fyrir hækkunardaginn. Tryggingarvernd úr hækkun hverju sinni hefst á hækkunardaginn.

(3) Hækkanirnar verða til loka iðgjaldagreiðslutímans, þó ekki lengur en þangað til hinn tryggði eða einn hinna tryggðu nær 55 ára reikningsaldri. Síðasta hækkun er í öllum tilfellum í síðasta lagi möguleg þremur árum fyrir lok tryggingartímans.

(3) Hvaða önnur ákvæði gilda um samning þinn og um hækkanirnar?

(1) Öll atriði sem samið er um innan ramma tryggingarsamningsins, einnig ákvörðun um bótaþegarétt, eiga einnig við um hækkun tryggingargreiðslna.

(2) Hækkun tryggingargreiðslna úr tryggingarsamningnum samkvæmt áætlun ákvarðar ekki nýtt upphaf frestanna sem tilgreindir eru í § 9 varðandi brot á tilkynningaskyldu og í § 11 varðandi sjálfsvíg.

(3) Eftir hækkun tryggingargreiðslna er ekki hægt að sjá iðgjaldsfría tryggingargreiðslu í töflunni sem fylgir tryggingarskírteininu.

(4) Hvenær er hækkunum hætt?

(1) Hækkunin fellur afturvirkni niður ef þú móttælir henni fyrir lok fyrsta mánaðar eftir hækkunardaginn eða greiðir ekki fyrsta hækkaða iðgjaldið innan tveggja mánaða eftir hækkunardaginn.

(2) Ef þú nýtir ekki hækkunarmöguleika getum við afturkallað réttinn til frekari hækkana. Ef við höfum afturkallað réttinn til frekari hækkana er aðeins hægt að stofna til hans að nýju með samþykki okkar. Réttinn til hækkunar getum við líka afturkallað ef iðgjald er ekki lengur greitt í fullri hæð.

(3) Ef örorkulífeyrisþáttur er innifalinn í tryggingu þinni verða engar hækkanir svo lengi sem iðgjaldagreiðsluskylda þín fellur niður að fullu eða að hluta vegna örorku. Hækkanir sem orðið hafa eftir að örorkan kom til eru teknar aftur.